

243. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. maí 2026, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Lísabet Guðmundsdóttir, varamaður.

Forföll: Þórkatla Soffía Ólafsdóttir forfallaðist með stuttum fyrirvara.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 242. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 242. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 27. mars 2026.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Framtíð Breiðafjarðar – Ramsar

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „Framtíð Breiðafjarðar“ árið 2019. Framtak hennar leiddi til skipun stýrihóps um Framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024.

Síðan 2024 hefur Breiðafjarðarnefnd unnið áfram að stefnumótun framtíðarvernd Breiðafjarðar og er að undirbúa mögulega umsókn hluta Breiðafjarðar á Ramsar skrá.

Nefndin hefur verið í samskiptum við ráðuneyti vegna Ramsar umsóknar og er að undirbúa minnisblað fyrir ráðuneytið þar sem allar helstu upplýsingar um málið eru settar fram.

Afgreiðsla:

Nokkur atriði í minnisblaðinu skoðuð á fundinum. Nefndin ákvað að sækja sér frekari upplýsingar hjá Náttúruverndarstofnun áður en gengið verður frá minnisblaðinu.

3. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2026

Fyrir liggur að skipuleggja vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar árið 2026.

Breiðafjarðarnefnd fer árlega í vettvangsferð um Breiðafjarðarsvæðið. Tilgangur ferðarinnar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, auk þess sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Skipulag vettvangsferðarinnar, sem farin verður í lok ágúst 2026.

4. Framkvæmdaáætlun 2026 til 2029

Breiðafjarðarnefnd er að vinna framkvæmdaáætlun fyrir starfstímabilið.

Afgreiðsla:

Framkvæmdaáætlunar Breiðafjarðarnefndar skoðuð. Fyrir liggur að klára fyrstu drög í sumar.

5. Umsögn – Rammahluti fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og almenningsrými í Grundafjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna blágrænna ofanvatnslausna í Grundafirði. Hægt er að kynna sér skipulagstillögu hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1370>

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun undirbúa drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsagnarfrestur rennur út.

6. Umsögn – Breyting á Aðalskipulagi vegna stækkunar á íbúðarsvæði ÍB-4 í Grundafjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna breytingu á aðalskipulagi í Grundafirði. Hægt er að kynna sér skipulagstillögu hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1500>

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun undirbúa drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsagnarfrestur rennur út.

7. Umsögn – Nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð á Háubökkum í Grundafjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna nýs deiliskipulags í Grundafirði. Hægt er að kynna sér skipulagstillögu hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1502>

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun undirbúa drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsagnarfrestur rennur út.

8. Flatey - Fornleifakort

Breiðafjarðarnefnd hefur endurprentað fróðleikskort Fornleifastofnunar Íslands fyrir Flatey, sem prentað var fyrst árið 2017.

Tilgangur korts er að sýna fram minjar og menningarlandslagi í Flatey. Á kortinu eru dregnar fram sýnilegar minjar frá ýmsum tímum sem eru aðgengilegar en fjölmargir minjastaðir eru þekktir í eygni.

Afgreiðsla:

Dreifing korts við Breiðafjörð rætt á fundinum. Starfsmaður nefndarinnar mun sjá um að kynna á ný kortið fyrir aðilum á svæðinu.

9. Önnur mál

Náttúrufræðistofnun og Breiðafjarðarnefnd héldu sameiginlegan kynningarfund í Stykkishólmi þann 9. apríl. Á fundinum voru flutt erindi um örnefni á eyjum Breiðafjarðar og lífríki þeirra, kortlagningu staðkunnugra og fuglalíf á svæðinu. Einnig var fjallað um Örnefnasafn Árnastofnunar og verndun Breiðafjarðar. Fundurinn gekk mjög vel og var mætingin góð. Breiðafjarðarnefnd þakkar öllum samstarfsaðilum fyrir árangsríkan fund og skemmtilegar umræður.

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 23. júní 2026, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.